

**64. þing Sundsambands Íslands
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNIN Í LAUGARDAL
1. júní 2021**

Þingskjal nr: 2021 - 09

64. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. júní 2021

samþykkir að þjónustugjöld SSÍ fyrir árin 2022 - 2023 verði með eftirfarandi hætti:

1) Gjöld almennra sundiðkenda í félögum

- a. Einstaklingsgjald sundiðkenda kr. 3.200 og mótagjald sundiðkenda kr. 7.000 verða óbreytt út árið 2021
- b. Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á því að einstaklingsgjald sundiðkenda hækki 1.janúar 2022 og 2023. Ekki má hækka einstaklingsgjald umfram verðlagsbreytingar almennt.
- c. Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á því að mótagjald sundiðkenda hækki 1.janúar 2022 og 2023. Ekki má hækka mótagjald umfram kostnaðarhækkunar.
- d. Gjöldin eru innheimt 2 sinnum ári í samræmi við lög SSÍ.

2) Gjöld garpa verið innheimt í tengslum við IMOC

- a. Gjöld garpa verða óbreytt út árið 2021 þ.e. upphafsgjald fyrir eina einstaklingsgrein kr. 3.200, gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram eina kr. 1.700 (allt að 3 greinar), gjald fyrir hverja einstaklingsgrein umfram þrjár kr. 0, og hafi garpur ekki synt einstaklingsgrein, en syndir í boðsundi skal innheimt af honum kr. 3.200.
- b. Sundþing felur stjórn SSÍ að meta þörf á hækkingum garpagjalda. Leitast skal við að upphafsgjald fyrir einstaklingsgrein garpa sé það sama og einstaklingsgjald sundiðkenda. Hækkun á einstaklingsgreinum umfram eina skal vera í hlutfalli við hækkingu á upphafsgreins.
- c. Öll gjöldin skulu vera greidd a.m.k. þremur dögum fyrir upphaf IMOC.
- d. Ekki er heimilt að endurgreiða gjaldið nema um sannanleg veikindi eða slys hafi verið að ræða.

3) Gjöld vegna Viðavatnssunds

- a. Gjöld vegna Íslandsmóts í Viðavatnssundi verða fyrir árið 2021 (óbreytt frá fyrra ári)
 - i. 1 km, kr. 1500,00 (kr. 2.500,00 ef skráning á staðnum)
 - ii. 3 km, kr. 2500,00 (kr. 3.500,00 ef skráning á staðnum)
 - iii. 5 km, kr. 2700,00 (kr. 3.700,00 ef skráning á staðnum)
 - iv. 3 km liðakeppni kr. 1.500,00 pr sundmann (kr. 2.500,00 ef skráning er á staðnum)
- b. Sundþing felur stjórn að ákvarða hækkunar fyrir árin 2022-23 skapist aðstæður til slíks

4) Gjöld vegna annarra Sundíþróttar

- a. Sundþing felur stjórn SSÍ að ákveða gjöld vegna annarra sundíþróttar skapist aðstæður til slíks.

Greinargerð:

Á Sundþingi 2019 var stjórn falið að ákvarða þjónustugjöld fram að næsta sundþingi 2021 . Það sama á við nú og felum stjórn að ákvarða hækkunar miðað við almennt verðlag til 2023.